



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 · 235 Reykjanesbær · Kt. 640479-0279
Sími: 420-3288 · Netfang: sss@sss.is

Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

b.t. nefndarsvid@althingi.is

Reykjanesbær, 31. október 2018

Efni: Umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um tillögu til þingsályktunar um Samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033, 173. mál.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033.

Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem haldinn var daganna 7.-8.september s.l. voru m.a. samþykktar ályktanir er snúa að samgöngumálum og almenningssamgöngum. Aðalfundurinn lagði áherslu á að ráðist verði í nauðsynlegar samgönguframkvæmdir á Suðurnesjum, öll sveitarfélögin á Suðurnesjum voru sammála um að leggja áherslu á eftirfarandi verkefni.

Að lokið verði við tvöföldun Reykjanesbrautar og hugað að öryggi vegtenginga, allt frá Hafnarfirði til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Samkvæmt heimildum Vegagerðarinnar hefur meðalumferð um Reykjanesbraut á sólarhring farið úr 10.265 bifreiðum í 18.500 bifreiðar eða 80% aukning, milli áranna 2015-2018. Stærsta og mikilvægasta samgöngumannvirki þjóðarinnar er alþjóðlegur flugvöllur á Miðnesheiði og tryggja þarf að starfsemi og nauðsynleg uppbygging þar geti verið í samræmi við þarfir íslensks samfélags. Telur Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum að nauðsynlegt sé að ljúka fyrir við tvöföldun á Reykjanesbraut heldur er áætlað er í Samgönguáætluninni sem er til umsagnar.

Tryggja þarf öryggi á Grindavíkurvegi með því að ljúka framkvæmdum á vegi frá Reykjanesbraut að þéttbýlinu í Grindavík.

Nauðsynlegt er að ráðast í löngu tímabærar viðhaldsframkvæmdir á þjóðvegnum að nýsmeinuðu sveitarfélagi Garðs og Sandgerðis auk þess sem breikka þarf veginn á milli bæjarkjarnanna.

Mikilvægt er að landshlutasamtök fái nægt fjármagn til að hægt sé að reka almenningssamgöngur án halla enda eru þær grundvöllur fyrir því að Suðurnesin geti talist eitt atvinnusvæði og fólk komist til og frá vinnu á stærstu vinnustöðum svæðisins, Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Bláa lóninu. Einnig má gera ráð fyrir því að hluti af vinnuafli Keflavíkurflugvallar komi af höfuðborgarsvæðinu og er því mikilvægt að almenningssamgöngur séu raunverulegur kostur til að koma sér til og frá vinnu. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur séð um skipulagningu almenningssamgangna á Suðurnesjum frá árinu 2012 samkvæmt samningi við Vegagerðina. Ljóst er að nú þegar samningurinn er að renna út, að fjárframlög sem fylgdu með samningum í upphafi duga ekki á nokkurn hátt til að reka verkefnið með sjálfbærum hætti. Í lok árs 2018 er gert ráð fyrir því að halli á rekstrinum verði um 117 m.kr., sem Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur fjármagnað. Mikilvægt er að ríkisvaldi tryggi fjármuni svo hægt sé að gera upp hallan af verkefninu.



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 · 235 Reykjanesbær · Kt. 640479-0279
Sími: 420-3288 · Netfang: sss@sss.is

Sveitarfélög á Suðurnesjum vilja vekja athygli á að um langt árabil hafa fjárframlög hins opinbera til stofnana og verkefna á svæðinu verið lægri en til sambærilegra verkefna og stofnana í öðrum landshlutum. Fjölgun íbúa á Suðurnesjum frá 2010 er rúmlega 26,45% en til samanburðar hefur fjölgun á höfuðborgarsvæðinu verið 11,86% og enn minni annarsstaðar á landinu.

f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Berglind Kristinsdóttir
Berglind Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri.